

Vesturbyggð  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfirði  
tengil. Óskar Örn Gunnarsson  
sent inn í skipulagsgátt

Selfossi, 22. september 2023

## Efni: Umsögn um deiliskipulag frístundabyggðar í Vesturbotni. Mnr. 467/2023

Vesturbyggð óskaði fyrir miðjan ágúst eftir umsögn Skógræktarinnar um deiliskipulagstillögu fyrir Vesturbotn. Skógræktin hefur kynnt sér málið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í lið 1.3 er texti um skógræktarsvæði: „Gert verður ráð fyrir landgræðslu- á skógræktarsvæðum á svæði sem eru utan lóða fyrir frístundabyggð. Beggja vegna Ósár er náttúrulegt birkikjarrlendi og skal gróðursetningu taka mið af því við tegundaval og skal raska þeim svæðum sem allra minnst. Tegundaval á öðrum svæðum getur verið fjölbreyttara og grundvölluð á skógræktarskilyrðum og aðstæðum sem unnið verður að í tengslum við Skjólskóga á Vestfjörðum.”

Umrætt birkikjarrlendi er ekki á lista Skógræktarinnar yfir þá skóga sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Hinsvegar nýtur náttúrulega birkikjarrlendið sem finnst í landi Vesturbotns vissrar verndar skv. lögum um skóga og skógrækt, þar eð það telst í skilningi laganna vera sk. náttúruskógur, að því marki sem það getur náð 2 m hæð fullvaxið.<sup>1</sup> Það er eitt af markmiðum laganna að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Ekki er alltaf auðvelt að skera úr um það hvort birki myndar skóg eða kjarr. Í öllu falli er það ekki nema gott að vernda kjarr og kjarrleifar, sem að sönnu eru fornar á þessum stað (sjá t.d. örnefnaskrá um Vesturbotn). Skógræktin fagnar því að tekið sé tillit til verndar birkikjarrlendisins í deiliskipulagstillögunni.

Hvað varðar skógrækt á skógræktarsvæðum, þá fagnar Skógræktin því að til standi að rækta skóg og stuðla að landgræðslu á svæðum utan frístundabyggðar og golfvallar. Þar stuðlar og að nýtingu svæðisins til útivistar, sbr. lið 1.4 í greinagerðinni um hverfisvernd, þar sem rætt er um stofnun fólkvangs til útivistar. Land þar sem fyrir er lúpína hentar t.d. vel undir skógrækt með ýmsum tegundum. Ekkert er í vegi fyrir því að gera úr garði fallegan og fjölbreyttan útivistarskóg á svæðinu sem myndi á allan hátt styðja við markmið stofnunar fólkvangs.

2. Að ósekju mætti geta skógarreits Skógræktarfélags V.-Barðastrendinga í landi Vesturbotns, en hann sést á loftmynd og er í hlíðinni norðan við Ósá. Þar var girt 8 ha girðing 1944, og árin 1948-1963 voru gróðursett ýmis tré, s.s. birki, rauðgreni og stafafura.<sup>2</sup>

3. Í liðum 1.3 og 2.0 er minnst á Skjólskóga á Vestfjörðum. Þeir sameinuðust Skógrækt ríkisins í nýja stofnun, *Skógræktina*, fyrir nokkrum árum, og rétt væri því að tilgreina það nafn. Skógræktin hefur nú á hendi öll hlutverk Skjólskóga. Skógræktin tekur fagnandi öllum umleitunum um samstarf um skógaræktarmál, m.a. þeim sem viðruð eru í umræddri deiliskipulagstillögu.

Skógræktin gerir að öðru leyti engar athugasemdir.  
Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.  
Virðingarfyllt,

f.h. Skógræktarinnar,

  
Páll Sigurdsson, skipulagsfulltrúi Skógræktarinnar

[pall.sigurdsson@skogur.is](mailto:pall.sigurdsson@skogur.is)

Austurvegi 3, 800 Selfoss, gsm. 849-2912

<sup>1</sup> Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019, 2. gr., 7. mgr.: *Náttúruskógur*: Land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáanar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

<sup>2</sup> sjá <https://www.skogur.is/wp-content/uploads/2019/02/v-bardstrendinga.pdf> bls. 11.